

Nd.

180. Breytingartillögur

[31. mál]

við frv. til l. um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Við 2. gr. 3. málsg. orðist svo:
Ríkið skal leggja fram fé til byggingar og rekstrar dagvistarheimila fyrir börn, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.
2. 3. gr. orðist svo:
Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.
3. 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks úr ríkissjóði skv. lögum þessum:
4. 5. gr. orðist svo:
Ríkisframlags njóta þau dagvistarheimili, sem reka starfsemi sína a. m. k. 4 mánuði ársins samfellt.
Heimilt er ráðuneytinu að veita dagvistarheimili styrk, enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.
5. Við 6. gr. 1. málsg. orðist svo:
Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:
Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
6. 8. gr. orðist svo:
Af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:
 1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
 2. Til leikskóla allt að 20%.Rekstrarstyrkir þessir skulu greiddast að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilis og skal meðalrekstrarkostnaður samsvarandi dagvistarheimila um land allt lagður til grundvallar við greiðslu.
Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um, hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað, sem ríkið tekur þátt í. Heimilt er að greiða 50% af rekstrarstyrk fyrir fram samkvæmt áætluðum rekstrarkostnaði.
7. Á eftir 8. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr. og orðist svo:
Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr.